

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Hr. Bjarni Benediktsson ráðherra  
Arnarhváli  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2016

FÍB, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, hvetur ráðherra til að grípa tafarlaust til aðgerða til að stöðva yfirvofandi gripdeildir tryggingafélaga á sjóðum sem sannarlega eru í eigu viðskiptavina þeirra. Ráðherra getur gripið inn í með því að gefa stjórn Fjármálaeftirlitsins fyrirmæli um að það sinni lögbundnu eftirlits- og aðhaldshlutverki sínu með tryggingafélögunum.

Þrjú tryggingafélög hafa kynnt fyrirætlanir um samtals 8,5 milljarða króna arðgreiðslur á næstu dögum. Fjármunina á að taka úr bótasjóðum sem tryggingafélögin hafa safnað með uppsprengdum iðgjöldum af ofáætluðum tjónum. Þessir bótasjóðir eru skuld (tjónaskuld) við tryggingataka. Þeim er ætlað að mæta tjónagreiðslum, ekki arðgreiðslum.

Tryggingafélögin ætla að nýta sér nýja reikningsskilaaðferð Evrópusambandsins, sem ekki hefur verið innleidd hér á landi, til að tæma bótasjóðina. Fjármálaeftirlitið hefur engar athugasemdir gert við þessar fyrirætlanir, þrátt fyrir að stofnunin sé skyldug til að gæta hagsmuna viðskiptavina tryggingafélaganna og tryggja að þau starfi í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Í gegnum tíðina hefur FME litið velþóknunaraugum á oftöku iðgjalda tryggingafélaganna og óhóflega sjóðasöfnun. Nú ber svo við að samkvæmt hinni nýju reikningsskilaaðferð á að flytja tryggingaáhættu að mestu úr bótasjóðunum yfir í eigið fé tryggingafélaganna. Þar sem eigið fé félaganna stendur undir gjaldþolskröfum reikningsskilaaðferðarinnar telur FME ekkert því til fyrirstöðu að eigendur tryggingafélaganna tæmi bótasjóðina og stingi þeim í eigin vasa. Um leið segist FME reyndar hafa áhyggjur af því að iðgjöld tryggingafélaganna séu ekki nógu há og hvetur þau til „viðeigandi aðgerða.“

Stjórnvöld og almenningur geta lítið gert til að hafa áhrif á græðgi eigenda tryggingafélaganna annað en fordæma þessa sjálfstöku. Undir eðlilegum kringumstæðum væri haldreipi í Fjármálaeftirlitinu. Svo er þó ekki. FME virðist eingöngu hugsa um hag fjármálafyrirtækja og fjárfesta. Ljóst er að stjórnvöld þurfa að hrista upp í Fjármálaeftirlitinu með afgerandi hætti til að það átti sig á skyldum sínum við almenning.

Óþolandi er að tryggingafélögin fái að eignast fjármuni sem þau hafa hirt af tryggingatökum með ofteknum iðgjöldum í skjóli fáokunar. Óþolandi er að þetta eigi að

líðast með velþóknun þeirrar eftirlitsstofnunar sem á að gæta hagsmuna viðskiptavina tryggingafélaganna.

FME hefur ríkar heimildir til að hlutast til um fjármál og rekstur tryggingafélaganna. FME getur skipað þeim að endurgreiða tryggingatökum eign þeirra í bótasjóðunum eða nota fjármunina til að lækka iðgjöld næstu árin.

Ef FME ætlar að láta þetta óátalið, þá yrði það í annað sinn á einum áratug sem stofnunin horfir aðgerðalaus á eigendur tryggingafélaga tæma bótasjóðina.

Virðingarfyllst  
f.h. FÍB



Runólfur Ólafsson  
framkvæmdastjóri